

## LÖG

### um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um bifreiðagjald og lögum um virðisaukaskatt (losunarviðmið, sendi-, vöru- og golfbifreiðar).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. og 5. gr., skal lagt vörugjald miðað við skráða losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra. Gjaldið skal vera sem hér segir en samanlagt ekki nema meira en 65% á hvert ökutæki:

1. 0,37% á hvert gramm skráðrar koltvísýringslosunar umfram 74 grömm á hvern ekinn kílómetra skráðrar koltvísýringslosunar hafi losunin einvörðungu verið skráð samkvæmt evrópsku aksturslotunni.
  2. 0,34% á hvert gramm skráðrar koltvísýringslosunar samkvæmt evrópsku aksturslotunni umfram 81 gramm á hvern ekinn kílómetra skráðrar koltvísýringslosunar hafi losunin verið skráð samkvæmt evrópsku aksturslotunni og samræmdu prófunaraðferðinni.
  3. 0,31% á hvert gramm skráðrar koltvísýringslosunar umfram 90 grömm á hvern ekinn kílómetra skráðrar koltvísýringslosunar hafi losunin einvörðungu verið skráð samkvæmt samræmdu prófunaraðferðinni.
- b. 3. mgr. fellur brott.

##### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Við p-lið 1. tölul. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um golfbifreiðar sem eingöngu eru knúnar rafhreyfli.
- b. Við 1. tölul. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Sendibifreiðar samkvæmt skilgreiningu g-liðar 2. tölul. sem knúnar eru rafhreyfli að öllu leyti.





